

„Hvatning í Hornafirði“ - er átaksverkefni og samkeppnissjóður vegna efnahagsáhrifa Covid faraldursins á fólk og fyrirtæki í Sveitarféluginu Hornafirði.

Sjóðurinn hefur það hlutverk að *hvetja fyrirtæki og frumkvöðla* í Sveitarféluginu Hornafirði til að hrinda nýum atvinnuskapandi aðgerðum í framkvæmd. Umsjón og ábyrgð sjóðsins er hjá atvinnu- og menningarmálaneftnd Hornafjarðar. Atvinnu- og menningarmálaneftnd fer með hlutverk úthlutunarnefndar. Við mat á umsóknum skipar Atvinnu- og menningarmálaneftnd fagráð sem fer yfir umsóknir og skilar tillögum til stjórnar.

ALMENNAR REGLUR OG VIÐMIÐANIR

1. Við mat á umsóknum er tekið mið af þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn og meðfylgjandi gögnum. Umsókn skal útfyllt og skilað með rafrænum hætti á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Atvinnu- og menningarmálaneftnd áskilur sér rétt til að hafna umsókn ef hún telst ekki útfyllt á fullnægjandi hátt skv. leiðbeiningum eða ekki talin falla að markmiðum sjóðsins, og er hún þá ekki tekin til efnislegrar meðferðar.
2. Þeir sem geta sótt um styrk eru lögaðilar sem hafa heimilisfestu eða aðsetur í Sveitarféluginu Hornafirði og/eða stefna að atvinnuuppbryggingu innan sveitarfélagsins.
3. Umsóknir frá stofnunum í eigu- eða meirihluta eigu sveitarfélaga eða ríkisins, sem og sjálfseignarstofnanir uppfylla ekki skilyrði sjóðsins.
4. Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra en birtur er listi yfir styrkþega.
5. Verkefnið stendur yfir frá því að úthlutun hefur verið kunngjörð og fram til 30. nóvember 2021.
6. Hafi styrkþegi ekki staðfest þátttöku í verkefninu að 4 vikum liðnum frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin niður.
7. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna. Forsenda útgreiðslna er að innsend áfanga- eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt af Sveitarféluginu Hornafirði. Unnt verður að skila inn áfangaskýrslu og sækja um útgreiðslu á hluta styrkveitingarinnar á tímabilinu. Öllum umsækjendum ber þó að hafa skilað lokaskýrslu fyrir 30. nóvember 2021. Eftir 30. nóvember 2021 falla eftirstöðvar styrkveitinga niður.
8. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.

STYRKHÆFUR KOSTNAÐUR

Eftirfarandi leiðbeiningar fjalla um styrkhæfan kostnað:

- Einungis er viðurkenndur styrkhæfur kostnaður sem felur í sér aðkeypta þjónustu vegna verkefnisins, sem jafnframt þarf að falla að markmiðum sjóðsins og/eða vinnuframlag styrkþega.
- Um vinnuframlag styrkþega gildir að í skilum á áfanga- og lokaskýrslum þarf að gera grein fyrir vinnuframligi og er miðast hver vinnustund við kr. 4.500.-
- Einungis er greitt út eftir innsendum áfanga- eða lokaskýrslum þar sem fram koma meðfylgjandi afrit af reikningum og/eða vinnuskýrslum sem samsvara að lágmarki umbeðinni fjárhæð til útgreiðslu.
- Kostnaður eða vinnuframlag sem fallið hefur til vegna verkefnisins áður en umsókn var send til Sveitarfélagsins Hornafjarðar telst ekki til styrkhæfs kostnaðar.

MARKMIÐ, ÁHERSLUR OG MATSPÆTTIR – Hvatning í Hornafirði

MARKMIÐ:

- Styðja við vöruþróun og nýsköpun sem leiða til atvinnusköpunar í Sveitarfélagini Hornafirði
- Efla samkeppnisfærni fyrirtækja og frumkvöðla í Sveitarfélagini Hornafirði
- Fjölga störfum í Sveitarfélagini Hornafirði

ÁHERSLUR:

Verkefni sem styrkt eru þurfa að falla að einni eða fleiri áherslum sjóðsins:

- Vöru- og viðskiptaþróun til að hagnýta svæðisbundin atvinnutækifæri
- Efling fyrirtækja með umhverfisvænum lausnum
- Styðja við sjálfbærni og jákvæða ímynd Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem búsetukosts

MATSPÆTTIR:

Í matsferli umsókna er stuðst við eftirfarandi viðmiðunarþætti. Einkunnir eru gefnar við hvern viðmiðunarþátt og eru þær á skalanum 0 til 3. Samanlögð niðurstaða er heildareinkunn hvers verkefnis og getur hún mest verið 15 stig.

1. Fellur vel að markmiðum og áherslum
2. Atvinnusköpun til lengri tíma og á heilsárs grundvelli í Sveitarfélagini Hornafirði
3. Mikil nýsköpun og/eða nýnæmi í Sveitarfélagini Hornafirði
4. Forsendur og útfærsla raunhæf – þekking og reynsla til staðar
5. Styrkveiting og stuðningur hefur mikil áhrif á framgang verkefnis